

Birtist á Pressan.is, 28. janúar 2011.

Tillaga að sátt í sjávarútvegsmálum

Jón Steinsson

Nú hefur LÍÚ tekið alla kjarasamninga í landinu í gíslingu til þess að knýja á um áframhaldandi forréttindi í formi úthlutunar veiðiheimilda gegn málamyndagjaldi. LÍÚ er þannig að hafa kjarabót upp á 50-100 m.kr. á dag af vinnandi fólki á Íslandi. Þetta er enn eitt dæmið um skaðsemi núverandi fyrirkomulags í sjávarútvegsmálum með þeirri gengdarlausu rentusókn útgerðarmanna sem það hefur í för með sér. Lauslega áætlað eru verðmæti veiðiheimilda um 15 ma.kr. á ári. Þessi verðmæti fá eigendur útgerðarfyrirtækja landsins nú nánast án endurgjalds. Sem sagt ríkið gefur útgerðarmönnum 15 ma.kr gjöf árlega. Það er ekki nema von að þeir séu tilbúnir að setja þjóðfélagið allt á annan endan til þess að verja þetta fyrirkomulag.

En Jóhanna vill ná sátt. Síðastliðið haust lofaði hún að ef sátt næðist ekki myndi hún setja þetta mál í dóm þjóðarinnar með því að halda þjóðaratkvæðagreiðslu. Nú er deginum ljósara að það næst engin sátt. LÍÚ hafnar öllu öðru en áframhaldi á núverandi kerfi í nýjum umbúðum. Flokksmenn ríkisstjórnarflokkanna hafna hins vegar samningaleið LÍÚ.

Vandinn við þjóðaratkvæðagreiðslu er: Um hvað á að kjósa?

Ég hef tillögu hvað það varðar.

Ég legg til að ríkisstjórnin semji eitt frumvarp og LÍÚ sé boðið um að semja annað frumvarp. Síðan verði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort frumvarpið verði að lögum.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar ætti að byggja á stefnu ríkisstjórnarflokkanna um fyrningu aflaheimilda með rúmum aðlögunartíma og endurúthlutun með uppboði (þ.e. á vilja flokksmanna en ekki þingmanna flokkanna sem sumir hverjir eru augljóslega í leyfi frá skipstjórastöðu hjá stórríki útgerð). Slíkt frumvarp er auðvelt að skrifa þar sem þessar hugmyndir hafa verið ýtarlega útfærðar:

[Leigutilboðsleiðin \(glærusýning\)](#)

[Tilboðsleiðin \(skýrsla\)](#)

LÍÚ myndi þurfa að sýna spilin og útfæra hugmyndir sínar um samningaleiðina. (Ef LÍÚ fengist ekki til þess innan ákveðins tíma mætti einfaldlega túlka það þannig að LÍÚ vildi að kosið yrði um frumvarp ríkisstjórnarinnar annars vegar og áframhald á núverandi kerfi óbreyttu hins vegar.)